

153. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs. 20. desember 2007, kl. 13:00 að Austurvegi 56

Mætt : Ragnheiður Hergeirsdóttir, Ólafur Áki Ragnarsson, Ólafur vék af fundi meðan 1. liður var tekin fyrir, Örn Þórðarson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson sem ritaði fundargerð.

- 1. Greinargerð frá Óskari Sigurðssyni lögræðingi, vegna kæru til skipulags og byggingarnefndar.**
Greinargerð lögð fram til kynningar. Aðalkrafa Sorpstöð Suðurlands er að málinu verði vísað frá.
- 2. Stefnumótunarvinna Sorpstöðvar Suðurlands.**
Minnisblað lagt fram til kynningar.
- 3. Svæðisáætlun.**
Svæðisáætlun – Niðurstaða verkefnisstjórnar og tillögur.
Lagt fram bréf til stjórnar dagsett 12. nóvember 2007 frá verkefnisstjórn svæðisáætlunar.
Framkvæmdastjóri kynnir innihald bréfs verkefnisstjórnar. Málið rætt.
Stjórnarmenn þakka vel unna skýrslu verkefnisstjórnar.

Stjórn samþykkir eftirfarandi bókun:

„ Verkefnisstjórn sorpsamlaganna á Suðvesturlandi:

Lagt fram bréf verkefnisstjórnarinnar, dags. 12. nóvember 2007 þar sem hún kynnir tillögur að framtíðarlausnum í meðhöndlun úrgangs fram til ársins 2020. Niðurstöður benda eindregið til þess að hagkvæmast fyrir svæðið í heild sé lausn sem felst í eftirfarandi blöndu aðferða:

- Efnisvinnsla s.s. pappír, pappi, timbur, plast, málmar.
- Endurvinnsla, gasgerð og jarðgerð.
- Orkuvinnsla, brennsla með orkuvinnslu.
- Urðun að mestu ólífræn efni.

Aðalstarfsstöðvar fyrir gasgerð/jarðgerð og brennslu verði staðsettar á höfuðborgarsvæðinu og er Álfsnessvæðið áhugaverðasti kosturinn fyrir slíka starfsemi. Móttöku- og umhleðslustöðvar og síðar flokkunarstöðvar verði staðsettar í landshlutunum.

Stjórnir sorpsamlaganna hafa þegar samþykkt tillögu verkefnisstjórnarinnar um að miða skuli við að urðun á lífrænum og brennanlegum úrgangi verði hætt eigi síðar en 2020 sem gjörbreytir þörf fyrir nýja urðunarstaði. Því er einsýnt talið að núverandi urðunarstaðir á svæðinu verði nýttir til fulls og þeir síðan endurunnir og svæðin nýtt áfram.

Verkefnisstjórnin leggur fram eftirfarandi tíma- og kostnaðaráætlun vegna 1. áfanga aðalstarfsstöðva á höfuðborgarsvæðinu.:

Jarðgerðarstöð 2010/2011
Stærð 30.000 t/ár; stofnkostnaður áætlast 1.000 millj. kr; árlegur rekstrarkostn. 160 milljón kr.

Brennslustöð 2014/2015
Stærð 120.000 t/ár, stofnkostnaður 8.000 millj. kr. árlegur rekstrarkostnaður 1.300 milljón kr.

Kostnaðaráætlun vegna annarra þátta eins og gerð mats á umhverfisáhrifum, lóða fyrir aðalstöðvar, móttöku og flokkunarstöðvar í landshlutunum hljóðar uppá 2.220 milljón krónur.

Heildarkostnaðaráætlun fyrir 1. áfanga er því áætlaður alls 11.220 milljón krónur.

Síðari áfangi verkefnisins kemur til framkvæmda á tímabilinu 2015 - 2020 og áætlast kostnaður vegna hans allt að 4.000 milljónir. Framkvæmdir í síðari áfanga eru háðar reynslu fyrir fyrsta áfanga, en geta innifalið stækkun brennslustöðvar, stækkun gasgerðar/jarðgerðarstöðvar og loks uppsetningu flokkunarkerfis/flokkunarstöðva fyrir íbúa.

Þær lausnir sem um ræðir í fyrri áfanga loka engum leiðum hvað varðar síðari áfanga heildarlausnarinnar.

Verkefnisstjórnin leggur jafnframt til að sorpsamlögin geri með sér nýjan samstarfssamning um eftirfarandi næstu skref:

- Sameiginlega gerð mats á umhverfisáhrifum framtíðarlausnar um úrgangsmál fram til 2020 á starfssvæði fyrirtækjanna sem byggist á ofangreindum lausnum.
- Samhliða vinnu við gerð umhverfismats verði unnið að nauðsynlegum undirbúningi að byggingu mannvirkja á aðalstarfsstöð í samvinnu við stjórnir samlaganna.
- Sorpsamlögin ljúki sameiginlega endurskoðun svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs frá 2005 og skal þeirri endurskoðun lokið árið 2008.

Stjórn SOS bs fellst á tillögur verkefnisstjórnarinnar fyrir sitt leyti. Þar sem hér er um að ræða upphaf á umtalsverðum fjárfestingum á komandi árum óskar stjórn SOS bs eftir staðfestingu sveitarstjórna aðildarféлага byggðasamlagsins. “

4. Bréf frá Hrunamannahreppi 6. des 2007.

Bréfið lagt fram til kynningar.

5. Förgun ehf.

Torfi Áskelsson framkvæmdastjóri hefur sagt upp störfum.

6. Greiningarverkefni.

Bláskógabyggð og Sorpstöð Suðurlands hafa framkvæmt greiningu á almennu sorpi og grófum úrgangi frá sumarhúsum og byggð í dreifbýli. Tekin verður saman skýrsla um niðurstöðurnar.

7. Önnur mál.

- a) **Feðraorlof framkvæmdastjóra.** Lagt fram til kynningar.
- b) **Tilnefning framkvæmdastjóra í verkefnastjórn vegna hagsmunagæslu í úrgangsmálum.** Lagt fram til kynningar.

Næsti fundur ákveðin 11. janúar kl. 8:30.

Ekki fleira gert og fundi lokið 15:20

...gto